



VÖKTUN Á LÍFRÍKI OG VATNSGÆÐUM ÞINGVALLAVATNS

Gagnaskýrsla fyrir árið 2008

Verkbáttur nr. 2:
Lífríki og efna- og eðlisþættir í vatnsbol

Unnið fyrir Umhverfisstofnun, Landsvirkjun,
Orkuveitu Reykjavíkur og Þjóðgarðinn á Þingvöllum

Hilmar J. Malmquist, Finnur Ingimarsson,
Haraldur Rafn Ingvason og Stefán Már Stefánsson

Fjölrit nr. 2-09



Náttúrufræðistofa
Kópavogs

Hamraborg 6a - 200 Kópavogur - natkop.is

VÖKTUN Á LÍFRÍKI OG VATNSGÆÐUM ÞINGVALLAVATNS

Gagnaskýrsla fyrir árið 2008

Verkbáttur nr. 2:
Lífríki og efna- og eðlisþættir í vatnsbol

Unnið fyrir Umhverfisstofnun, Landsvirkjun,
Orkuveitu Reykjavíkur og Þjóðgarðinn á Þingvöllum

Hilmar J. Malmquist, Finnur Ingimarsson,
Haraldur Rafn Ingvason og Stefán Már Stefánsson

Fjölrit nr. 2-09



Náttúrufræðistofa
Kópavogs

Hamraborg 6a - 200 Kópavogur - natkop.is

Ágrip

Árið 2007 hófst vöktunarverkefni á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns á vegum Umhverfisstofnunar, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur og Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Um er að ræða árlega sýnatöku og mælingar og er vöktuninni skipt í þrjá meginverkpætti. Náttúrufræðistofa Kópavogs hefur séð um verkþátt nr. 2 sem beinist að lífríki og efna- og eðlisþáttum í vatnsbol vatnsins. Árið 2008 var gagna aflað í maí, júlí, september og október á þremur stöðvum í vatninu auk útfallsins. Framkvæmd verkefnisins gekk samkvæmt áætlun.

Vatnshiti mældist 2,7–10,3 °C yfir allt tímabilið. Ekki varð vart við nein hitaskil eins og sumarið 2007. Sýrustig mældist 7,36–9,06 pH og uppleyst súrefni 11,5–15,9 mgO₂/l og að meðaltali 13,6 mgO₂/l ($\pm$ 0,14 st.sk.). Súrefnismettun var mikil, 96–119% og að meðaltali 111% ($\pm$ 0,44). Rafleiðni mældist 70–75 μ S/cm og 73 μ S/cm ($\pm$ 0,13) að meðaltali yfir allt tímabilið.

Alls voru greindar 79 tegundir og hópar af svifþörungum. Líkt og árið 2007 voru kísilþörungar ríkjandi, með fjöldahlutdeild 18–98% og 67% að meðaltali og lífþyngdarhlutdeild 72,3–99,7% og 93,2% að meðaltali. Langalgengastar voru hinar stórvöxnu tegundir *Aulacoseira islandica* f. *curvata*, *A. islandica* (O. Müller), *A. italica* og *Asterionella formosa* og er það í samræmi við gögn frá sjöunda og áttunda áratugnum. Magn blaðgrænu-a mældist 0,84–5,88 μ g/l og að meðaltali 2,92 $\pm$ 0,215 μ g/l, n = 49) og var heldur hærra en árið 2007. Langmest var af þörungasvifinu í október en minnst seinni hluta sumars (júlí–septemberbyrjun) og endurspegladist þetta í sjóndýpinu, sem vmældist 6,5–12,5 m, mest í septemberbyrjun (12,2 $\pm$ 0,33 m) þegar minnst var af þörungasvifi og minnst í október (6,5 m) þegar þörungasvif var mest. Framangreint munstur fellur vel að niðurstöðunum frá 2007 og eldri svifþörungamælingum og staðfestir að frumframleiðsla í Þingvallavatni er tvítoppa með hámarkum um vor og haust.

Greindar voru sjö tegundir og tegundahópar af sviflægum krabbdýrum, þ.e. vatnaflærnar gárafló (*Alonella nana*), hjálmfló (*Acroperus harpae*), ranafló (*Bosmina coregonii*), kúlufló (*Chydorus sphaericus*) og halafló (*Daphnia galeata*), auk þriggja tegunda af árfætlum, þ.e. dílategund (*Diaptomus*) og augndíli (*Cyclops* tegundir). Langmest var af svifkröbbunum í september og október, 9–376 dýr/10 l, en mun minna í maí og júlí, 2–51 dýr/10 l. Fjórar tegundir voru allsráðandi um haustið, *D. galeata*, *Diaptomus*, *A. nana* og *Bosmina coregonii*. Af þyrildýrum greindust 13 ættkvíslir og hópar og var mest af þeim á fyrrihluta tímabilsins (1847 $\pm$ 54 dýr/10 l í maí og 1045 $\pm$ 119 dýr/10 l í júlí), en minna um haustið (1100 $\pm$ 162 dýr/10 l í september og 464 $\pm$ 39 dýr/10 l í október). Fyrrihluta tímans bar mest á tegundunum *Keratella cochlearis* og *Polyarthra* ásamt *Asplachna priodonta* og *Filinia terminalis*, en síðsumars og um haustið bar einna mest á *Conochilus unicornis* og *Trichocerca* tegund.

Á heildina litið voru vatnsgæði úti í vatnsbol Þingvallavatns árið 2008 mjög góð og í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 650/2006 um um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns, nema hvað varðar magn blaðgrænu-a. Af 49 þörungasýnum voru 31% innan viðmiðunarmarka fyrir hæsta vatnsgæðaflokk (flokk A, sbr. reglugerð nr. 796/1999), en 53% sýnanna samræmdust flokki B og 16% flokki C.

Summary

In year 2007 a monitoring programme was started to assess chemical and biological quality of Lake Þingvallavatn. The programme is run by The Environment Agency (Umhverfisstofnun), The National Power Company (Landsvirkjun), Reykjavík Energy (Orkuveita Reykjavíkur) and The Thingvellir National Park (Þjóðgarðurinn á Þingvöllum).

There are three major work tasks in the programme: 1) Physico- chemical factors in inlet and outlet water, executed by Institute of Earth Sciences (Jarðvísindastofnun), 2) Biological and physico- chemical factors in the pelagic habitat, executed by Natural History Museum of Kópavogur (Náttúrufræðistofa Kópavogs) and 3) Fish populations, executed by Freshwater Fisheries Institute (Veiðimálastofnun). In this report, results from work task no. 2 are given for the second year of sampling, 2008, based on field work on May 8, July 2, September 1 and October 15.

Lake temperature measured 2.7–10.3 °C, highest in September (10.2 ± 0.04 °C, mean $\pm$ s.e.m.) and lowest in May (2.8 ± 0.09 °C). No thermocline was observed contrary to the year 2007. pH measured 7.36–9.06, dissolved oxygen 11.5–15.9 mgO₂/l (13.6 ± 0.14 mgO₂/l) and oxygen saturation was 96–119% O₂ ($111\% \pm 0.44$). Conductivity measured 70–75 µS/cm (73 ± 0.13 µS/cm). Nutrients (measured in unsieved water sample taken April 28 at the lake outlet) were low in concentrations; Tot-P (20 µg/l), PO₄-P (14 µg/l), Tot-N (59 µg/l) and TOC (0.44 mg/l).

In all, 79 species and species groups of phytoplankton were identified. Diatoms were far the most dominant group, with a mean contribution by number of 67% (18–98%) and a mean contribution by biomass of 93.2% (72.3–99.7%). *Aulacoseira islandica* f. *curvata*, *A. islandica* (O. Müller), *A. italica* and *Asterionella formosa* were by far the most common species. Chlorophyll-a measured 0.84–5.88 µg/l (2.92 ± 0.215 , n = 49), with a distinct peak in October and a low in July–September. The chlorophyll pattern was reflected in transparency, with Secchi depth measuring 6.5–12.5 m, being highest in early September (12.2 ± 0.33 m) and lowest in October (6.5 m).

Seven species and genres were identified of crustacean zooplankton; *Alonella nana*, *Acroperus harpae*, *Bosmina coregonii*, *Chydorus sphaericus*, *Daphnia galeata*, *Diaptomus* sp. and *Cyclops* spp. Densities were low in May and July (2–51 ind./10 l) but high in the autumn (9–376 ind./10 l), with *D. galeata*, *Diaptomus* sp., *A. nana* and *B. coregonii* as dominant species. Among rotifers, 13 genres and species groups were identified. Densities were highest in May (1847 ± 54 ind./10 l) and lowest in October (464 ± 39 ind./10 l). *Keratella cochlearis* and *Polyarthra* sp. along with *Asplanchna priodonta* and *Filinia terminalis*, were the far most abundant species. In the autumn, *Conochilus unicornis* and *Trichocerca* sp. were most abundant.

To sum up, in the year 2008 water quality in the pelagic habitat of Lake Þingvallavatn was high, complying with pristine conditions (category A) as stated in reg. no. 650/2006 for the protection of water quality and biota of Þingvallavatn, except for chlorophyll-a (31% of samples complying with class A, but 53% entering class B and 16% class C, according to reg. no. 796/1999).

Efnisyfirlit

Ágrip.....	4
Summary	5
Myndaskrá.....	7
Töfluskrá	7
1. Inngangur.....	8
2. Efni og aðferðir	9
2.1 Efna- og eðlispættir	10
2.2 Þörungasvif.....	11
2.2.1 Tegundasamsetning	11
2.2.2 Bláðgræna-a.....	12
2.3 Dýrasvif	12
3. Niðurstöður og umræður	13
3.1 Eðlis- og efnaþættir	13
3.2 Þörungasvif.....	25
3.3 Dýrasvif	31
4. Heimildir	35

Myndaskrá

Mynd 1.	Sýna- og mælistöðvar vegna vöktunar í Þingvallavatni	10
Mynd 2a.	Vatnshiti á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni	14
Mynd 2b.	Sýrustig á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni	15
Mynd 2c.	Uppleyst súrefni á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni	16
Mynd 2d.	Súrefnismettun á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni	17
Mynd 2e.	Rafleiðni á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni	18
Mynd 3.	Sjónkýpi í Þingvallavatni árið 2008	23
Mynd 4.	Sjónkýpi í Þingvallavatni 2008, 2007, 1974–79 og 1981–82	23
Mynd 5a.	Fjöldahlutdeild helstu þörungahópa í Þingvallavatni	26
Mynd 5b.	Þungahlutdeild helstu þörungahópa í Þingvallavatni	26
Mynd 6a.	Þéttleiki fullorðinna krabbadýra í maí, júlí, september og október 2008	31
Mynd 6b.	Þéttleiki árfætlusviflirfa í maí, júlí, september og október 2008	31
Mynd 7.	Þéttleiki þyrildýra í maí, júlí, september og október 2008	33

Töfluskrá

Tafla 1.	Yfirlit yfir sýnatökur og mælingar	9
Tafla 2a.	Mælingar framkvæmdar 8. maí 2008 á efna- og eðlisþáttum	19
Tafla 2b.	Mælingar framkvæmdar 2. júlí 2008 á efna- og eðlisþáttum	20
Tafla 2c.	Mælingar framkvæmdar 1. september 2008 á efna- og eðlisþáttum	21
Tafla 2d.	Mælingar framkvæmdar 15. október 2008 á efna- og eðlisþáttum	22
Tafla 3.	Niðurstöður efnamælinga (næringarefni o.fl.) 28. apríl 2008 á stöð 4	24
Tafla 4.	Niðurstöður efnamælinga (málmar o.fl.) 28. apríl 2008 á stöð 4	24
Tafla 5.	Magn blaðgrænu-a í Þingvallavatni	25
Tafla 6a.	Tegundasamsetning þörunga, þéttleiki og lífþyngd á stöð 2 í maí 2008	27
Tafla 6b.	Tegundasamsetning þörunga, þéttleiki og lífþyngd á stöð 2 í júlí 2008	28
Tafla 6c.	Tegundasamsetning þörunga, þéttleiki og lífþyngd á stöð 2 í september 2008	29
Tafla 6d.	Tegundasamsetning þörunga, þéttleiki og lífþyngd á stöð 2 í október 2008	30
Tafla 7.	Tegundasamsetning krabbadýra og þéttleiki í Þingvallavatni árið 2008	32
Tafla 8.	Tegundasamsetning þyrildýra og þéttleiki í Þingvallavatni árið 2008	34

1. Inngangur

Í þessari gagnaskýrslu er gerð grein fyrir framvindu og niðurstöðum fyrir árið 2008 í verkþætti nr. 2 á vegum Náttúrufræðistofu Kópavogs í vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns. Vöktunarverkefni í Þingvallavatni hófst vorið 2007 þegar Umhverfisstofnun, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum gerðu með sér þar að lútandi samkomulag og samstarfssamning (Samstarfssamningur 2007, Samkomulag 2007). Vöktunin nær til lykilþátta í lífríki og efna- og eðilsfræði vatnsins og litið er svo á að hún sé mikilvægt tæki til verndunar á vistkerfi Þingvallavatns.

Meginmarkmið vöktunarinnar er að kortleggja ástand og breytingar sem kunna að verða á lífríki og efna- og eðlisþáttum vegna hugsanlegra álagspátta, jafnt af mannlegum sem náttúrulegum toga. Á meðal álagspátta sem horft er til í þessu sambandi eru ofauðgun næringarefna, vatnsmiðlun, mengunaróhöpp og loftslagshlýnun.

Um Þingvallavatn gilda lög (nr. 85/2005) ásamt reglugerð (n. 650/2006) sem skírskota sérstaklega til verndunar á vatninu og vatnasviði þess.

Vöktunin felur í sér endurteknar, staðlaðar athuganir til margra ára í því augnamiði að greina hugsanlegar breytingar á ástandi lykilþátta í vistkerfinu yfir lengri tíma. Notagildi gagnagrunnsins mun því aukast jafnt og þétt eftir því sem árin líða og gögn safnast fyrir.

Vöktuninni er skipt í þrjá meginverkþætti og um hvern verkþátt sér framkvæmdaraðili í samræmi við þar að lútandi samning. Verkþættir og framkvæmdaraðilar á öðru ári vöktunarinnar (sýnataka á árinu 2008) voru eftirfarandi:

1. Efna- og eðlisþættir í írennsli og útfalli. Jarðvísindastofnun Háskólans.
2. Lífríkis- og efna- og eðlisþættir í vatnsbol. Náttúrufræðistofa Kópavogs.
3. Fiskistofnar. Veiðimálastofnun.

Fyrir vöktunarverkefninu fer verkefnisstjórn sem skipuð er einum manni frá hverjum framkvæmdaraðila. Umhverfisstofnun er umsýsluaðili verkefnisins og sér um fjárhagslega umsýslu verkefna sem beinast að vöktun Þingvallavatns. Verkefnisstjórn ræður einn verkefnisstjóra sem hefur faglega þekkingu á lífríki Þingvallavatns. Verkefnisstjóri vöktunarverkefna fyrir árið 2008 var Hilmar J. Malmquist, Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Áður hafa niðurstöður frá árinu 2007, fyrsta ári vöktunarinnar, verið birtar í tveimur gagnaskýrslum (Eydís Salome Eiríksdóttir og Sigurður Reynir Gíslason 2008, Hilmar J. Malmquist o.fl. 2008).

2. Efni og aðferðir

Á öðru ári vöktunarverkefnisins í Þingvallavatni sá Náttúrufræðistofa Kópavogs um verkþátt nr. 2 sem tekur til þörunga- og dýrasvifs, auk efna- og eðlisþátta úti í vatnsbol vatnsins. Náttúrufræðistofan kemur einnig að verkþætti nr. 3 ásamt Veiðimálastofnun, m.a. með sýnatöku á murtu á haustin, en niðurstöður þess verkþáttar eru birtar í þar að lútandi skýrslu (Ingi Rúnar Jónsson o.fl. 2009).


Í töflu 1 er gefið yfirlit yfir framkvæmd sýnatöku og mælinga á árinu 2008. Sýnastöðvar voru fjórar talsins (mynd 1) og sýni tekin á mismunandi dýpi (tafla 1).

Farnar voru fjórar vettvangsferðir á árinu 2008, í maí, júlí, september og október, vegna mælinga á efna- og eðlisþáttum og sýnatöku á þörungum og dýrasvifi (tafla 1). Þá var ein ferð farin í október til sýnatöku á murtu (Ingi Rúnar Jónsson o.fl. 2009).

Sýnataka og mælingar á árinu 2008 voru að flestu leyti með svipuðu móti eins og staðið var að málum árið 2007. Þó voru gerðar nokkrar breytingar á sýnatöku og úrvinnslu á þörungasýnum og er greint frá því í kafla 2.2.

Tafla 1. Yfirlit yfir sýnatökur og mælingar á vegum Náttúrufræðistofu Kópavogs vegna vöktunar í Þingvallavatni árið 2008. Sjóndýpi var mælt á öllum þremur stöðvunum úti í vatnsbolnum. Allar sýnatökur og mælingar voru gerðar í fjögur skipti á árinu, þ.e. í maí, júlí, september og október.

		Stöð 1			Stöð 2					Stöð 3				Útfall
Tegund sýnis	Mælibreytur	5 m	10 m	25 m	1 m	5 m	10 m	25 m	35 m	5 m	10 m	25 m	35 m	1,5 m
Þörungasvif														
Ósíað sýni, 3 lítrar	Tegundagreining og talning				X	X	X	X	X					X
Ósíað sýni, 1 lítri	Blaðgræna-a	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Dýrasvif														
Síað sýni 9 lítrar, 45 µm	Tegundagreining og talning	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Eðlisþættir														
Fjölpáttamælir	Vatnshiti	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
	Sýrustig	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
	Rafleiðni	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
	Súrefni	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X



Mynd 1. Sýna- og mælistöðvar vegna vöktunar í Þingvallavatni árið 2008. Stöðvar nr. 1 ($64^{\circ}13,64' 21^{\circ}07,53'$), 2 ($64^{\circ}11,52' 21^{\circ}08,60'$) og 3 ($64^{\circ}09,11' 21^{\circ}04,73'$) í rauðum lit eru á vegum Náttúrufræðistofu Kópavogs. Stöðvar í svörtum lit (írennsli og útfall) eru á vegum Jarðvísindastofnunar Háskólans.

2.1 Efna- og eðlisþættir

Mælingar á eðlisþáttum voru framkvæmdar með fjölþáttamæli af gerðinni YSI 650MDS/6600 og notast við rúmlega 50 m langan kapal. Mælt var á dýptarsniðum frá yfirborði og niður að botni (stöðvar 1 og 2) eða niður á um 50 m dýpi (stöð 3). Eftirfarandi breytur voru mældar: vatnshiti ($0,01^{\circ}\text{C}$ upplausn, $\pm 0,15^{\circ}\text{C}$ mælinákvæmni), sýrustig ($0,01 \pm 0,2$ pH), rafleiðni ($1 \mu\text{S}/\text{cm}$, $\pm 0,5\%$), uppleyst súrefni ($0,01 \text{ mgO}_2/\text{l}$, $\pm 0,2\%$) og súrefnismettun ($0,1\%$, $\pm 2\%$).

Sjónnýpi (rýni, skyggni) í vatninu var mælt á hefðbundinn hátt með hvítum Secchi disk, 30 cm í þvermál. Rýni (m) var skráð á hverri stöð sem meðaltal þriggja til sex mælinga (mælt þegar diskurinn hverfur sjónum við að síga niður og þegar hann birtist aftur þegar hann er dreginn upp). Náð samband er á milli rýnis og þörungamagns.

Árið 2008 var bætt við mælingum á lífríkis- og efna- og eðlisþáttum í útfalli Þingvallavatns og sýnastöðin staðsett ofan á stíflugarði Steingrímsstöðvar. Mælingar á eðlisþáttum fóru fram á 1,5 m dýpi og notaður fjölþáttamælir af gerðinni YSI Model 63 (sama mælinákvæmni og greint er frá hér að framan).

Vatnssýni til efnagreiningar var tekið ofan af stíflugarðinum með 5 lítra Niskin safnara á um 1,0 m dýpi. Af vatnssýninu var hirtur 1,0 l í plastflösku, hún stútfyllt af sýninu og sýnið haft í kælikassa í um fimm klst. þar til það var fryst (-20°C). Fyrir sýnatökuna var ílátið skolað með 0,1 N HCl og síðan með vatni á staðnum. Um þessa sýnatöku sá

Jarðvísindastofnun Háskólans og féll sýnatakan saman við aðra sýnatöku á vegum Jarðvísindastofnunarinnar í tengslum við vöktun Þingvallavatns (Eydís Salóme Eiríksdóttir og Sigurður Reynir Gíslason 2009).

Efnagreiningar á vatnssýninu fóru fram hjá Norsk institutt for vannforskning (NIVA) í Osló og voru þær gerðar á ósúðu sýninu. Eftirfarandi breytur voru mældar hjá NIVA: rafleiðni, basavirkni, grugg (TURB860), heildarmagn fosfórs (Tot-P/L), fosfat ($\text{PO}_4\text{-P}$), heildarmagn köfnunarefnis (Tot-N/L), ammóníak ($\text{NH}_4\text{-N}$), nítrat ($\text{NO}_3\text{-N}$), heildarmagn lífræns kolefnis (TOC), kísill (Si), klór (Cl), sulfat (SO_4), flúor (F), ál (Al/R, Al/II, Al/ICP), kalsíum (Ca), járn (Fe/ICP), kalíum (K), magnesíum (Mg) og natríum (Na). Upplýsingar um aðferðafræði og mælinákæmni við efnagreiningarnar eru að finna í riti á vegum NIVA (NIVA 2004).

Tilgangurinn með efnagreiningu á ósúðum vatnssýnum er annars vegar að athuga samræmi í efnastyrk úti í vatnsbol og útfalli og hins vegar að bera saman við niðurstöður efnamælinga á vegum Jarðvísindastofnunar Háskólans, en þær mælingar eru gerðar á síuðum vatnssýnum.

2.2 Þörungasvif

2.2.1 Tegundasamsetning

Sýni fyrir greiningu og talningu á sviflægum þörungum voru tekin með 10 lítra vatnssýnataka á stöð 2 og í útfallinu (tafla 1). Tekið var 10 l sýni á hverju dýpi og af því hirtir 3 l sem voru varðveittir ósíðir til tegundagreiningar og talningar. Öll sýnin voru varðveitt á staðnum með því að bæta út í þau 4 ml af 10% Lugol lausn.

Í vöktuninni árið 2007 var gerður samanburður á þörungasýnum sem annars vegar voru síuð í gegnum 45 μm sigti og hins vegar á sýnum sem ekki voru síuð. Í ljós kom að tegundir voru öllu færri og þörungamagn talsvert minna í síuðu sýnunum (Hilmar J. Malmquist o.fl. 2008). Munurinn var það mikill að ákveðið var að framvegis skyldi unnið með ósíuð þörungasýni.

Tegundagreining og talning á þörungasýnunum fór fram hjá Bio-limno Research & Consulting Inc., í Halifax, Kanada. Við úrvinnslu sýna var beitt hefðbundnum greiningaraðferðum með *Utermö hl* útfellingu á hlutsýnum og smásjárskoðun (inverted, phase contrast Zeiss Axiovert 40 CFL microscope). Þörungaeiningar (stakar frumur, þræðir og sambýli) voru taldar á sniðum völdum á tilviljanakenndan hátt. Að lágmarki 400 þörungaeiningar voru taldar í hverju sýni og langflestar við 500-falda stækkun. Votvigt var reiknuð út frá mældum fjölda og mati á rúmmáli (specific biovolume) samkvæmt rúmfræðilegri lögun (Rott 1981) og eðlisþyngdinni 1,0. Rúmmál hverrar tegundar var metið út frá meðalstærð á 10–15 einstaklingum. Rúmmál sambýlistegunda var byggt á fjölda einstaklinga í sambýli. Allir útreikningar á þéttleika og þyngd voru gerðar samkvæmt tölvuforriti Hamiltons (Hamilton 1990).

Upplýsingar um heimildir sem Bio-limno Research & Consulting Inc. notaði við tegundagreiningu þörunganna eru að finna í skýrslu Náttúrufræðistofunnar frá 2007 (Hilmar J. Malmquist o.fl. 2008).

2.2.2 Blaðgræna-a

Mælingar á magni blaðgrænu-a veita vísbendingar um magn frumframleiðenda (þörungasvif) og endurspeгла jafnframt næringarefnaástand í vatninu og fæðuframboð fyrir dýrasvif sem murtan étur.

Sýni til mælinga á magni blaðgrænu-a voru tekin með 10 l vatnssýnataka á öllum fjórum stöðvunum (tafla 1) og eins lítra hlutsýni hirt til mælinga. Sýnin voru höfð í kæli (~ 5° C) í 5–7 klst., þá síuð á Whatman GF/C síupappír (Cat No 1822 047), síupappírinn frystur og blaðgrænan mæld síðar. Til að leysa blaðgrænuna úr sýninu var síupappírinn lagður í 96% etanól og hafður í myrkri í kælikáp í 24 klst. Blaðgræna-a var mæld við bylgjulengdina 665 nm með ljósgleypnimæli (HACH, DR 5000) á Veiðimálastofnun.

Heildarmagn blaðgrænu-a (Blaðgræna-a, µg/l) var reiknað samkvæmt jöfnunni

$$\text{Blaðgræna-a } (\mu\text{g/l}) = (\text{Abs.}_{(665-750\text{nm})} * L * 10^3) / 83,4 * V$$

þar sem *Abs.* (665–750 nm) er ljósgleypni við 665 nm að frádreginni ljósgleypni við 750 nm, *L* er rúmmál (ml) leysnivökva (etanóls) á síupappír, 83,4 er ljósgleypnistuðull fyrir etanól og *V* er rúmmál (l) sýnisins sem síað var (sjá Søndergaard og Riemann 1979, bls. 171).

2.3 Dýrasvif

Sýni fyrir greiningu og talningu á dýrasvifi voru tekin með 10 lítra vatnssýnataka á öllum fjórum stöðvunum (tafla 1). Af hverju sýni voru hirtir 9 lítrar og þeir síaðir í gegnum 45 µm sigti og það sem eftir sat í sigtinu hirt til tegundagreiningar og talningar. Sýnin voru varðveitt á staðnum með því að bæta 0,2–0,5 ml af 10% Lugol lausn úti í þau.

Svifdýrasýnin voru skoðuð í kvörðuðu íláti undir víðsjá af gerðinni Olympus SZX12 við 7–90-falda stækkun. Við fingreiningar (100–400-falda stækkun) var notuð smásjá af gerðinni Olympus CX 41. Krabbadýr voru talin og greind til tegunda og ættkvísla. Fjöldi krabbadýra í sýnunum var að jafnaði lítill og því voru allir einstaklingar greindir. Stuðst var við ýmsa greiningarlykla en aðallega hefti í ritröðinni *Guides to the Identification of the Microinvertebrates of the Continental Waters of the World* (Benzie 2005) og *Fauna Iberica*, Vol. 7 (Alonso 1996).

3. Niðurstöður og umræður

3.1 Eðlis- og efnabættir


Vatnshiti mældist 2,7–10,3 °C yfir allt tímabilið og var hitastig jafnan áþekkt á öllum fjórum stöðvunum (mynd 2a, töflur 2a–d). Í maí var þó marktækur munur í vatnshita milli stöðva úti í vatninu, en þá var kaldast syðst á stöð 3 og hlýjast nyrst á stöð 1 ($F_{2,26} = 128,36$, $r = 0,95$, $p < 0,001$). Þessu var öfugt farið í október þegar kaldast var á stöð 1 og hlýjast á stöð 3 ($F_{2,24} = 4,57$, $r = 0,54$, $p = 0,017$). Þetta munstur kom einnig fram árið 2007 og stafar líklega af áhrifum af innstreymi kalds lindavatns í norðurhluta vatnsins.

Ekki varð vart við nein hitaskil í vatninu (mynd 2a), ólíkt því sem gerðist sumarið 2007. Þetta bendir til þess að vatnið hafi verið vel blandað frá yfirborði og niður á botn meira eða minna allt árið.


Sýrustig mældist pH 7,36–9,06 yfir allt tímabilið. Jafnan var sýrustig hæst nyrst í vatninu á stöð 1 og lægst syðst í vatninu á stöð 3. Þessarar tilhneigingar gætti alla mældagana en skýrastur var munurinn í maí ($F_{2,26} = 30,70$, $r = 0,84$, $p < 0,001$) og október ($F_{2,24} = 67,77$, $r = 0,92$, $p < 0,001$). Á öllum stöðvum var sýrustig hæst í maí (pH $8,43 \pm 0,024$) og lægst í október (pH $7,70 \pm 0,029$) og lækkaði sýrustig marktækt frá vori og fram á haust ($R = -0,79$, $ft. = 116$, $p < 0,01$). Ekki bar á neinni lagskiptingu í sýrustigi (mynd 2b).

Styrkur uppleysts súrefnis mældist iðulega mikill, 11,5–15,9 mg/l, og að meðaltali 13,6 mg/l ($\pm 0,14$) á öllum stöðvum samanlagt yfir allt tímabilið ($n = 89$). Súrefnismettunin var á bilinu 96–119% og að meðaltali 111% ($\pm 0,44$), sem er mikil mettn. Ekki bar á neinni lagskiptingu m.t.t. súrefnisstyrks eða súrefnsimettunar (mynd 2c og d).


Rafleiðni var svipuð á öllum fjórum stöðvunum og mældist á bilinu 70–75 $\mu\text{S}/\text{cm}$ yfir allt tímabilið og var að meðaltali 73 $\mu\text{S}/\text{cm}$ ($\pm 0,13$). Rafleiðnin breyttist nánast ekki neitt m.t.t. dýpis (mynd 2e).




Mynd 2a. Vatnshiti (°C) á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni árið 2008. Mælingar á stöð 1 féllu niður 2. júlí af óviðráðanlegum ástæðum.




Mynd 2b. Sýrustig (pH) á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni árið 2008. Mælingar á stöð 1 féllu niður 2. júlí af óviðráðanlegum ástæðum.



Mynd 2c. Uppleyst súrefni ($\text{mg O}_2/\text{l}$) á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni árið 2008. Mælingar á stöð 1 féllu niður 2. júlí af óviðráðanlegum ástæðum. Mælingar þ. 15. október féllu niður vegna bilunar í nema.



Mynd 2d. Súrefnismettun (% O_2) á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni árið 2008. Mælingar þ. 15. október féllu niður vegna bilunar í nema.



Mynd 2e. Rafleiðni á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni árið 2008. Mælingar þ. 8. maí féllu niður vegna bilunar í nema.

Tafla 2a. Mælingar 8. maí 2008 á efna- og eðlisþáttum vegna vöktunar í Þingvallavatni. Allar breytur að rafleiðni undanskilinni voru mældar með YSI 650MDS/6600 fjölþáttamæli og Secchi disk. Vegna bilunar í leiðninema á fjölþáttamælinum var rafleiðnin mæld með tæki af gerð YSI 600XLM og mælt á einu dýpi, 1 m. Leiðnigildi eru leiðrétt fyrir 25° C. St.sk. er staðalskekkja (s.e.m.).

Stöð	Dýpi m	T °C	Leiðni μS/cm	pH	Uppl. O ₂ %	Uppl. O ₂ mg/l	Rýni m
1	0,2	3,0	71	8,71	116,3	15,7	8,0
1	1,0	3,2		8,54			
1	5,1	3,0		8,56	114,3	15,4	
1	10,0	3,0		8,52	113,8	15,3	
1	15,1	3,0		8,51	113,3	15,3	
1	20,1	2,9		8,48	113,0	15,2	
1	25,0	3,0		8,47	112,7	15,2	
1	30,1	3,0		8,46	112,6	15,2	
1	32,3	3,0		8,45	96,3	13,0	
Meðaltal		3,0		8,52	111,5	15,0	
St.sk.		0,03		0,03	2,22	0,30	
2	0,2	3,1	75	8,55	118,0	15,9	7,5
2	1,0	3,2		8,62			
2	5,1	3,0		8,53	117,0	15,7	
2	10,0	3,0		8,53	116,2	15,6	
2	15,1	3,0		8,54	115,5	15,5	
2	20,1	3,0		8,54	114,9	15,5	
2	25,0	3,0		8,54	114,6	15,4	
2	30,1	3,0		8,54	114,4	15,4	
2	32,3	3,0		8,54	114,1	15,4	
2	40,1	3,0		8,54	113,8	15,3	
2	44,8	3,0		8,22	110,9	14,9	
Meðaltal		3,0		8,55	115,6	15,6	
St.sk.		0,02		0,01	0,49	0,06	
3	0,2	2,8	75	8,27	113,1	15,3	8,0
3	1,0	3,6		8,42			
3	5,1	2,8		8,28	113,2	15,3	
3	10,0	2,7		8,28	112,8	15,3	
3	15,1	2,8		8,28	112,7	15,3	
3	20,1	2,7		8,28	112,3	15,2	
3	25,0	2,7		8,29	111,9	15,2	
3	30,1	2,7		8,30	111,8	15,2	
3	35,1	2,7		8,30	111,6	15,1	
3	40,1	2,8		8,30	111,4	15,1	
3	44,8	2,7		8,30	111,4	15,1	
3	50,2	2,8		8,31	111,3	15,1	
Meðaltal		2,8		8,30	112,4	15,2	
St.sk.		0,09		0,02	0,22	0,03	
Útfall		3,6	75	8,42			

Tafla 2b. Mælingar 2. júlí 2008 á efna- og eðlisþáttum vegna vöktunar á Þingvallavatni. Mælingar á stöð 1 féllu niður af óviðráðanlegum ástæðum. Mælt með YSI 650MDS/6600 fjölþáttamæli og Secchi disk. Leiðnigildi eru leiðrétt fyrir 25° C. St.sk. er staðalskekkja (s.e.m.).

Stöð	Dýpi m	T °C	Leiðni µS/cm	pH	Uppl. O ₂ %	Uppl. O ₂ mg/l	Rýni m
2	0,2	8,2	73	8,37		38,3	6,5
2	1,0	8,2	73	8,25	111,2	13,1	6,5
2	2,0	8,2	73	8,23	110,5	13,0	7,5
2	5,1	7,9	73	8,21	110,3	13,1	
2	10,0	7,7	73	8,20	110,7	13,2	
2	15,1	7,7	73	8,21	110,4	13,2	
2	20,1	7,6	73	8,21	110,0	13,2	
2	25,0	7,7	73	8,22	109,5	13,1	
2	30,1	7,6	73	8,22	109,7	13,1	
2	35,1	7,6	73	8,22	109,6	13,1	
2	40,1	7,6	73	8,21	109,5	13,1	
2	44,8	7,5	73	8,22	109,4	13,1	
2	50,2	7,0		7,75	106,5	12,9	
Meðaltal		7,8	73	8,23	110,1	15,4	6,8
St.sk.		0,08	0,0	0,01	0,18	2,29	0,33
3	0,2	8,5	74	9,06	114,3	13,4	8,7
3	1,0	8,5	74	8,43	112,1	13,1	9,0
3	2,0	8,5	74	8,36	110,9	13,0	9,0
3	5,1	8,5	74	8,27	110,4	12,9	
3	10,0	8,3	74	8,20	109,8	12,9	
3	15,1	8,2	74	8,16	109,6	12,9	
3	20,1	8,1	74	8,12	109,3	12,9	
3	25,0	8,1	74	8,11	109,2	12,9	
3	30,1	8,0	74	8,12	109,1	12,9	
3	35,1	7,8	74	8,10	108,8	13,0	
3	40,1	7,4	74	8,09	109,2	13,1	
3	44,8	6,6	74	8,07	108,2	13,3	
3	50,2	6,2	74	8,02	107,7	13,3	
Meðaltal		8,3	74	8,31	110,5	13,0	8,9
St.sk.		0,06	0,0	0,10	0,57	0,05	0,10
Útfall		7,1	75	8,88	107,4	13,0	


Tafla 2c. Mælingar 1. september 2008 á efna- og eðlisþáttum vegna vöktunar á Þingvallavatni. Mælt með YSI 650MDS/6600 fjölþáttamæli og Secchi disk. Leiðnigildi eru leiðrétt fyrir 25° C. St.sk. er staðalskekkja (s.e.m.).

Stöð	Dýpi m	T °C	Leiðni μS/cm	pH	Uppl. O ₂ %	Uppl. O ₂ mg/l	Rýni m
1	0,2	10,3	72	8,45	118,4	13,3	11,5
1	1,0	10,3	72	8,05	112,3	12,6	
1	2,0	10,2	72	7,94	106,0	11,9	
1	5,1	10,2	72	7,84	104,9	11,8	
1	10,0	10,1	72	7,76	104,2	11,7	
1	15,1	10,1	72	7,69	103,8	11,7	
1	20,1	9,8	72	7,64	102,6	11,6	
1	25,0	9,7	72	7,66	101,9	11,6	
1	30,1	9,5	71	7,59	101,9	11,6	
1	35,1	9,0	70	7,67	101,6	11,8	
1	36,8	9,0	71	7,36	99,8	11,5	
Meðaltal		10,0	72	7,85	106,2	12,0	
St.sk.		0,09	0,11	0,09	1,85	0,19	
2	0,2	10,3	72	7,75	118,7	13,3	12,5
2	1,0	10,3	72	7,76	116,9	13,1	
2	2,0	10,3	72	7,74	115,8	13,0	
2	5,1	10,2	72	7,74	115,4	13,0	
2	10,0	10,2	72	7,71	115,2	12,9	
2	15,1	10,2	72	7,70	115,0	12,9	
2	20,1	10,1	72	7,66	114,7	12,9	
2	25,0	10,1	72	7,65	114,0	12,9	
2	30,1	10,0	72	7,64	112,9	12,7	
2	35,1	10,0	72	7,62	112,3	12,7	
2	40,1	9,7	72	7,61	111,2	12,6	
2	44,8	9,5	72	7,60	110,0	12,6	
Meðaltal		10,2	72	7,70	115,1	12,9	
St.sk.		0,04	0,0	0,02	0,59	0,06	
3	0,2	10,2	72	7,78			12,5
3	1,0	10,2	72	7,71	115,9	13,0	
3	2,0	10,2	72	7,71	114,7	12,9	
3	5,1	10,2	72	7,70	114,0	12,8	
3	10,0	10,1	72	7,70	113,6	12,8	
3	15,1	10,0	72	7,68	112,7	12,7	
3	20,1	9,8	72	7,65	112,0	12,7	
3	25,0	9,7	72	7,63	110,9	12,6	
3	30,1	9,5	72	7,61	110,4	12,6	
3	35,1	9,2	72	7,59	109,8	12,6	
3	40,1	9,1	72	7,57	108,5	12,5	
3	44,8	9,0	72	7,55	107,8	12,5	
3	50,2	8,9	73	7,51	106,0	12,3	
Meðaltal		9,8	72	7,67	112,3	12,7	
St.sk.		0,12	0,0	0,02	0,74	0,05	
Útfall			72	7,91	122,1	13,7	

Tafla 2d. Mælingar 15. október 2008 á efna- og eðlisþáttum vegna vöktunar á Þingvallavatni. Mælt með YSI 650MDS/6600 fjölþáttamæli og Secchi disk. Mælingar á súrefni féllu niður vegna bilunar í nema. Leiðnigildi eru leiðrétt fyrir 25° C. St.sk. er staðalskekkja (s.e.m.).


Stöð	Dýpi m	T °C	Leiðni μS/cm	pH	Uppl. O ₂ %	Uppl. O ₂ mg/l	Rýni m
1	0,2	7,4	74	8,25			6,5
1	5,1	7,4	74	8,09			
1	10,0	7,4	74	8,05			
1	15,1	7,4	74	8,02			
1	20,1	7,4	74	8,00			
1	25,0	7,4	74	7,96			
1	30,1	7,0	73	8,01			
1	35,1	6,5	71	8,10			
Meðaltal		7,4	74	8,08			
St.sk.		0,00	0,0	0,04			
2	0,2	7,4	74	7,95			6,5
2	5,1	7,4	74	7,79			
2	10,0	7,4	75	7,72			
2	15,1	7,4	75	7,65			
2	20,1	7,4	75	7,65			
2	25,0	7,4	75	7,66			
2	30,1	7,4	75	7,66			
2	35,1	7,4	74	7,66			
2	40,1	7,4	74	7,61			
Meðaltal		7,4	75	7,72			
St.sk.		0,00	0,18	0,04			
3	0,2	7,5	75	7,74			6,5
3	5,1	7,5	75	7,65			
3	10,0	7,5	75	7,62			
3	15,1	7,5	75	7,56			
3	20,1	7,5	75	7,54			
3	25,0	7,5	75	7,53			
3	30,1	7,5	75	7,53			
3	35,1	7,5	75	7,52			
3	40,1	7,5	75	7,53			
3	50,2	7,5	75	7,52			
Meðaltal		7,5	75	7,59			
St.sk.		0,00	0,0	0,03			
Útfall		7,4	75	7,36			

Sjóndýpi mældist 6,5–12,5 m á öllu tímabilinu og að meðaltali 8,5 m ($\pm 0,59$, $n = 14$) og var rýnið áþekkt á öllum þremur stöðvunum (töflur 2a–d, $F_{2,11} = 0,76$, $r = 0,22$, $p=0,758$). Langmest sjóndýpi var síðsumars í septemberbyrjun (12,2 m $\pm 0,33$) en minnst í október (6,5 m) og var mjög marktækur munur í rýni milli september annars vegar og hinna mældaganna þriggja hins vegar (mynd 3, $F_{3,10} = 23,61$, $r = 0,94$, $p<0,001$).



Mynd 3. Sjóndýpi (m) í Þingvallavatni 8. maí, 2. júlí, 1. september og 15. október 2008. Sýnd eru meðaltöl ($\pm$ staðalskekkja).

Sjóndýpi var mjög áþekkt árin 2008 og 2007 (mynd 4). Aftur á móti var sjóndýpi í júlí 2008 (7,8 $\pm 0,17$ m) marktækt minna en í júlí á árabílinu 1974–79 og 1981–82 (10,6 $\pm 0,62$ m, $t = 3,435$, $ft. = 10$, $p=0,006$, mynd 4). Sjóndýpi í október 2008 (6,5 m) var einnig minna en á sjöunda og áttunda áratugnum (9,6 $\pm 0,46$ m). Hins vegar var ekki marktækur munur ($p > 0,05$) á sjóndýpi milli síðastnefndu tímabila í maí eða september. Gögn frá fyrri tíð eru fengin frá Péttri M. Jónassyni o.fl. (1992).



Mynd 4. Sjóndýpi (m) í Þingvallavatni á árunum 1974–79 og 1981–82 (bláar súlur), árið 2007 (gráar súlur) og 2008 (svartar súlur). Hver súla sýnir meðaltal ($\pm$ st.sk.).

Styrkur fosfórs (Tot-P), fosfats ($\text{PO}_4\text{-P}$), köfnunarefnis (Tot-N) og lífræns kolefnis (TOC) í útfalli Þingvallavatns var fremur lágur (tafla 3). Samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns var styrkur fosfórs undir viðmiðunarmörkum fyrir umhverfismarkaflokk III í djúpum vötnum og styrkur köfnunarefnis undir viðmiðunarmörkum fyrir umhverfismarkaflokk I. Þingvallavatn fellur því í ástandsflokk A og B sem ósnortið (næringarefnasnautt) og lítið snortið (næringarefnalítið) vatn m.t.t. þessara efna. Varðandi þennan samanburð verður þó að hafa í huga að efnin voru aðeins mæld í eitt skipti.

Í samanburði við efnamælingar árið 2007 var styrkur nær allra næringarefnanna nú um helmingi meiri. Þetta skýrist mjög líklega af því að sýnataka í ár fór fram að vori til en seint í ágúst árið 2007, en jafnan hafa svifþörungur gengið svo á næringarefni síðsumars að efnastyrkur þeirra flestra er mun minni en fyrir á árinu.

Tafla 3. Niðurstöður efnamælinga (næringarefni o.fl.) á vatnssýni sem tekið var 28. apríl 2008 af stíflugarði Steingrímsstöðvar við útfall Þingvallavatns. Bók- og tölustafir í þriðju línu við mælibreyturnar eru lykjar sem vísa til mæliðaferða (NIVA 2004).

Rafleiðni μS/cm	Basavirkni mmol/l	Grugg 860 FNU	Tot-P μg/l P	$\text{PO}_4\text{-P}$ μg/l P	Tot-N μg/l N	$\text{NH}_4\text{-N}$ μg/l N	$\text{NO}_3\text{-N}$ μg/l N	TOC mg/l C	Si mg/l
A 2	C 1	A 4-2	D 2-1	D 1-1	D 6-1	C 4-3	C 4-3	G 4-2	E 9-5
77	0,556	1,21	20	14	59	<2	<1	0,44	1,93

Styrkur málma o.fl. efna er sýndur í töflu 4.

Tafla 4. Niðurstöður efnamælinga (málmur o.fl.) á vatnssýni sem tekið var 28. apríl 2008 af stíflugarði Steingrímsstöðvar við útfall Þingvallavatns. Bók- og tölustafir í þriðju línu við mælibreyturnar eru lykjar sem vísa til mæliðaferða (NIVA 2004).

Cl mg/l	SO_4 mg/l	F μg/l	Al/R μg/l	Ca mg/l	Fe/ICP μg/l	K mg/l	Mg mg/l	Na mg/l
C 4-3	C 4-3	C 4-3	E 3-2	C 4-3	E 9-5	C 4-3	C 4-3	C 4-3
6,35	2,32	72	9	4,46	9,9	0,64	1,49	8,40

3.2 Þörungasvif

Magn blaðgrænu-a mældist á bilinu 0,84–5,88 µg/l og 2,92 µg/l ($\pm 0,215$) að meðaltali yfir allt tímabilið árið 2008 (tafla 5). Ekki var um marktækan mun að ræða í meðalstyrk blaðgrænu-a milli stöðva 1, 2 og 3 úti í vatninu ($F_{2,30} = 0,059$, $r = 0,06$, $p = 0,943$). Aftur á móti var mjög marktækur munur í blaðgrænumagninu eftir mældögum ($F_{3,41} = 149,78$, $r = 0,96$, $p < 0,001$). Líkt og í fyrra var langmest magn blaðgrænu-a í október en minnst síðsumars (septemberbyrjun). Þetta munstur fellur vel að fyrri mælingum á magni svifþörungum í vatninu (Pétur M. Jónasson o.fl. 1992) og staðfestir að frumframleiðsla í Þingvallavatni er tvítoppa. Hún nær hámarki um vor, minnkar yfir sumarið, líklega vegna skorts á köfnunarefni. Um haustið taka svifþörungarnir aftur vaxtarkipp vegna blöndunar á vatni úr neðri lögum með tilheyrandi aukningu á köfnunarefni.

Magn blaðgrænu-a í útfallinu endurspeglar vel blaðgrænumagnið á stöðvum 1, 2 og 3 úti í vatnsbolnum og var ekki um að ræða marktækan mun á blaðgrænumagni milli stöðvanna fjögurra ($F_{3,45} = 0,03$, $r = 0,05$, $p = 0,001$).


Magn blaðgrænu-a í september 2008 var undir viðmiðunarmörkum (< 2 µg/l) fyrir umhverfismarkaflokk I í djúpum vötnum samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Í október hins vegar, þegar mest var af svifþörungunum, svaraði blaðgrænumagnið til viðmiðunarmarkanna fyrir umhverfismarkaflokk III (5–10 µg/l). Þingvallavatn fellur því hluta af ári í ástandsflokk C sem nokkuð snortið (næringarefnaríkt) vatn hvað varðar þessa mælibreytu. Af alls 49 blaðgrænusýnum svöruðu 31% til viðmiðunarmarkanna fyrir vatnsgæðaflokk A, 53% til flokks B og 16% til flokks C. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 650/2006 er Þingvallavatn og vatn á verndarsvæði þess skilgreint sem viðkvæmur viðtaki og skal falla í flokk A sem ósnortið vatn.

Tafla 5. Magn blaðgrænu-a (µg/l) í Þingvallavatni árið 2008. St.sk. er staðalskekkja (s.e.m.), Gm. er geómetrískt meðaltal.

Stöð	Dýpi (m)	8.5.2008	2.7.2008	1.9.2008	15.10.2008	Meðaltal	St.sk.	Gm.
1	5	3,48		0,96	4,92	3,12	1,156	2,54
1	10	3,00		1,20	4,80	3,00	1,038	2,58
1	25	2,16		1,80	4,56	2,84	0,866	2,61
2	1	2,52	2,40	0,84	5,88	2,91	1,225	2,34
2	5	3,00	2,64	0,84	5,04	2,88	0,994	2,40
2	10	2,52	2,40	1,08	5,16	2,79	0,986	2,41
2	25	2,04	3,00	1,20	5,52	2,94	1,079	2,52
2	35	3,12	3,12	1,56	5,40	3,30	0,912	3,01
3	5	3,48	1,80	1,20	5,04	2,88	1,000	2,48
3	10	2,64	1,68	1,20	5,52	2,76	1,116	2,33
3	25	2,88	2,16	1,92	4,92	2,97	0,786	2,77
3	35	2,04	1,80	2,04	4,80	2,67	0,822	2,45
Útfall	1,5	2,88	2,88	1,08	5,04	2,97	0,935	2,59
Meðaltal		2,75	2,39	1,30	5,12			
St.sk.		0,162	0,174	0,133	0,121			
Gm.		2,71	2,33	1,25	5,11			

Alls voru greindar 79 flokkunarfræðilegar einingar af svifþörungum (tegundir, tegundahópar og ættkvíslir, töflur 6a–d). Af þeim átta aðalhópum þörunganna sem greindust voru kísilþörungar yfirleitt ríkjandi og með fjöldahlutdeild á bilinu 18–98% og 67% að meðaltali (23 sýni, mynd 5a). Lífþyngdarhlutdeild kísilþörunganna (mynd 5b) var á bilinu 72,3–99,7% og 93,2% að meðaltali. Af einstökum tegundum voru hinir stórvöxnu kísilþörungar *Aulacoseira islandica* f. *curvata*, *A. islandica*, *A. italica* og *Asterionella formosa* jafnan langalgengastir líkt og árið 2007 (Hilmar J. Malmquist o.fl. 2008) og þekkt er úr fyrri rannsóknum (Pétur M. Jónasson o.fl. 1992).

Hvað varðar lífþyngd þörunganna var mest af þeim um vorið og haustið, en minnst seinnihluta sumars (mynd 5b). Í byrjun september var fremur lítið um stórvaxna kísilþörungum og bar þá mest á dul-, gull- og grænþörungum. Þetta munstur sver sig ætt við það sem var árið 2007.



Mynd 5. Fjöldahlutdeild (a) og lífþyngdarhlutdeild (b) sjö helstu þörungahópa í svifþörungum Þingvallavatns á 5 m dýpi á stöð 2 í maí, júlí, september og október 2008. Kökurnar eru byggðar á hundradshlutdeild (%) þörungahópa af heildarþéttleika (fjöldi ein. í lítra) og heildarlífþyngd (mg/m³) allra þörungahópa. Þörungahópum með <1% hlutdeild var sleppt við gerð kökuritanna.

Tafla 6a. Tegundasamsetning þörungna, þéttleiki (fjöldi í lítra) og lífþyngd (mg/m³) á stöð 2 og í útfalli Þingvallavatns 8. maí 2008.

FLOKKUNAREINING	1 m		5 m		10 m		25 m		35 m		Útfall	
	Fjöldi/l	mg/m ³	Fjöldi/l	mg/m ³	Fjöldi/l	mg/m ³	Fjöldi/l	mg/m ³	Fjöldi/l	mg/m ³	Fjöldi/l	mg/m ³
DIATOMEA – Kísilþörungar	986.983	5.645	969.967	6.107	516.181	2.183	918.916	3.420	1.548.543	4.598	794.125	5.805
<i>Achnanthes minutissima</i> Kuetzing												
<i>Amphora</i> sp. Ehrenberg					5.672	1						
<i>Asterionella formosa</i> Hansall	79.412	33	79.412	26	34.034	11	68.068	59	51.051	18	62.396	22
